

það kunnugt, að nefndur gjaldmælir skyldi ekki fylgja með, er stefnandi keypti bifreiðina R 4302 af stefnda.

Stefndi hefur mótmælt stefnukröfunni sem of hárrí og telur sér ekki skylt að greiða hærri upphæð en sem svarar verði gjaldmæla á þeim tíma, er kaupin fóru fram. Að þessu hefur stefndi þó ekki leitt frekari rök.

Samkvæmt þessu verður að taka kröfu stefnanda til greina með vöxtum, eins og krafizt er. Málskostnaður til handa stefnanda telst hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Eyjólfsson, greiði stefnanda, Sigurði Pétursyni, kr. 2148.00 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1952 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 157/1956. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gunnari Valdimar Hjartarsyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi og líkamsáverkar, brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum máls þessa er rétt lýst í héraðsdómi, og varða brot ákærða við refsíákvæði, sem þar eru greind. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valdimar Hjartarson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 8. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 8. september, klukkan 10, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í sýsluskriststofunni á Patreksfirði af settum sýslumanni, Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 8/1955, ákærvaldið gegn Gunnari Valdimar Hjartarsyni, sem dómtekið var 25. f. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans gegn Gunnari Valdimar Hjartarsyni vinnumanni, til heimilis að Hærra-Rauðsdal, fyrir brot, er varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. mgr. 14. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa þriðjudaginn 12. júlí 1955 ekið bifreiðinni B 170 hratt og ógætilega frá Hamri á Barðaströnd áleiðis að Hvammi með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt skammt frá Hamri og tvær konur, sem í henni voru, slösuðust, önnur, Ólöf Guðmundsdóttir, Hvammi, svo mjög, að hún lézt, en hin Hákonía Jóhanna Gísladóttir, húsfreyja að Hvammi, skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í greindu tilfelli flutt alls 6 farþega í bifreiðinni, þar af tvo í framsæti, þótt eigi sé heimilt að flytja í henni fleiri en þrjá farþega auk öikumanns og þar af eingöngu einn farþega hjá honum.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt framangreindum refsíákvæðum og til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Hærra-Rauðsdal 17. janúar 1923. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 12. júní 1955, um kl. 18, ók ákærði bifreiðinni B 170, sem er jeppabifreið, skráð fyrir 3 farþega, frá Hamri á Barðaströnd áleiðis að Hvammi, sem er næsti bær innan við Hamar. Hjá honum í framsæti voru tvær fullorðnar konur, Hákonía Jóhanna Gísladóttir og Ólöf Guðmundsdóttir, en í aftursætinu var ein 18 ára stúlka, Þuríður Matthildur Karlsdóttir, og 3 stálpuð börn. Skammt fyrir innan Hamar beygir vegurinn lítilsháttar til vinstri, miðað við inneftir ferð. Á þessum stað virðist bifreiðin hafa steypzt með þeim afleiðingum, að húsið brotnaði af henni og farþegarnir hentust allir úr henni og hún snerist við á veginum og stöðvaðist þar á hjólunum og sneri í gagnstæða átt við það, sem henni hafði verið ekið í. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, sat þar í henni við stýrið, er hann rankaði við sér eftir slysið.

Við þenna atburð meiddist farþeginn Ólöf Guðmundsdóttir svo, að hún andaðist rétt á eftir. Hákonía Jóhanna Gísladóttir skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost. Aðrir farþegar virðast hafa meiðzt lítið eða ekkert. Sjálfur meiddist ökumaður nokkuð á höfði.

Upplýst virðist, að ökumaðurinn hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann kveðst hafa verið vel sofinn og að öllu leyti vel fyrir kallaður, en fremur óvanur akstri.

Hann telur, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 23—25 enskar mílur, miðað við klukkustund, er slysið varð, og hafi bifreiðin verið í þriðja ganghraðastigi.

Hann lýsir atburðinum á þessa leið:

„Rétt eftir að hann hafði komið yfir dálitla beygju á veginum, hafi bifreiðin lent í holu eftir stein, sem hefillinn hafi fært til. Hafi bifreiðin þá orðið óstöðug í rásinni og farið eins og að hoppa og kastast til. Kveðst hann þá hafa stigið á hemlana með þeim afleiðingum, að bifreiðin steypist.“

Hann segir, að vegurinn hafi verið þurr malarvegur, nýheflaður og þar af leiðandi mjög laus.

Vitnið Hákonía Jóhanna Gísladóttir segir, að sér hafi ekki fundizt ekið hart. Henni fannst bíllinn óstöðugur á veginum, rétt áður en slysið varð, og segir, að ökumaður hafi þá snúið snögg til vinstri. Henni fannst bílstjórinn ekki ráða við bílinn. Hún telur líklegt, að bílstjórinn hafi hemlað. Hún skynjaði ekki, hvornig bíllinn valt, og telur líklegt, að yfir sig hafi liðið.

Vitninu Þuríði Matthildi Karlsdóttur, sem sat í aftursæti bifreiðarinnar, fannst ekki ekið mjög hratt. Hún skynjaði ekki, hvernig bíllinn steypist.

Vitnið Samúel Bjarnason, 17 ára, sem horfði á aksturinn inn Hamarshlíðina og inn um beygjuna, kveðst hafa gizkað á, að ökuhraðinn hafi ekki verið mikið yfir 30—40 km á klukkustund. Hann sá ekki slysið.

Dómarinn athugaði veginn daginn eftir slysið. Hann er ca 5 metra breiður, upphleypur malarvegur, sléttur og láréttur, nýheflaður, en virðist ekki mjög laus. Á einstaka stað voru lausir smásteinar, og sjá mátti smáójöfnur á stöku stað, þar sem steinn hafði dregizt til undir hefiltönninni. Að álitni dómarans var veginn góður til aksturs. Beygjan á veginum er svo lítil, að auðvelt er að aka hana á allmiklum hraða.

Það er útlit fyrir, að bifreiðin hafi ekki verið í góðu lagi. Bifreiðaskoðunarmaðurinn Árni Bæringsson kemst að þeirri niðurstöðu, að mikið slit hafi verið í stýrisgangi hennar. Honum virðist, að á vinstri afturhjóli hafi verið of laust hertar saman burðarlegur, og þar af leiðandi muni hafa getað verið eitthvað lítið kast á hjólinu.

Viðgerðarmaðurinn Erlendur Magnús Hjartarson telur líklegt, að stýrisútbúnaður bifreiðarinnar hafi ekki verið góður fyrir slysið.

Þar sem húsið brotnar alveg af bifreiðinni og hendist alllangt í burtu, en bifreiðin stendur öfug á veginum eftir slysið, virðist augljóst, að hún hefur steypzt á veginum og síðan oltið á hjólin, um leið og húsið þeyttist af henni. Er það álit dómarans, að þetta hefði ekki getað skeð með tilliti til hleðslu bifreiðarinnar, nema hún hefði verið á mikilli ferð, og þar sem ökuskilyrðin virðast hafa verið góð og engin sú misfella á veginum, sem við eðlilegan akstur gat valdið slysinu, verður að telja víst, að of hart hafi verið ekið eftir aðstæðum og hæfni ökumanns, og mjög líklegt, að ökumanni hafi fatazt stjórnin verulega.

Þar að auki virðist upplýst, að bifreiðin hafi ekki verið í fullkomnu lagi fyrir slysið.

Þetta athæfi varðar við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Í bifreiðinni voru of margir farþegar, og varðar það við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 38. gr. sömu laga.

Þar sem konan Ólöf Guðmundsdóttir beið bana af völdum slyssins, hefur ákærði gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegna-

ingarlaga nr. 19/1940, en þar sem Hákonía Jóhanna Gísladóttir skarst á fæti, hlaut heilahristing og fékk lost, þá þykir ákærði einnig hafa gerzt brotlegur við 219. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða varðhald.

Þá þykir og rétt með hliðsjón af 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrl., kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gunnar Valdimar Hjartarson, sæti 4 mánaða varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjarnar Jónssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 40/1957. Þorvaldur Stephensen

gegn

Oddi Helgasyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. f. m., sem barst Hæstarétti 7. þ. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og kærúmálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að mati dómsins.